

Mai bræður- pistill frá Róm

Í byrjun desember héldum við bræðurnir til Rómar að tefla á alþjóðlegu skákmóti: 1° International Chess Festival Roma Città Aperta 2016. Mótið var 9 umferða opið kappskákmót sem var teflt á sjö dögum. Í fyrstu þrem umferðunum var öðruvísi kerfi þar sem maður tefldi við menn sem voru með svipaðan styrkleika þannig að eftir þrjár umferðir voru sumir 1600/1700 stiga skákmenn í fyrsta sæti. En síðan breyttist þetta í hefðbundið svissneskt pörunarkerfi. Mótið var haldið á 4 stjörnu hóteli þar sem við meðal annars dvöldum á. Hótelið var skammt frá miðborginni, þar sem auðvelt var að taka neðanjarðarlest á helstu staði eins og hringleikahúsið, Vatíkanið og miðbæinn. Hitastigið var á bilinu 16-22 gráður sem var frekar þægilegur hiti.



Í mótinu voru alls 182 keppendur frá 30 þjóðum frá fjórum heimsálfum. Það voru þó nokkuð margir sem vöktu athygli okkar á mótinu en uppúr stóð Fabio De Carlo. Fabio De Carlo (2055) sem Alex vann langa endataflsskák. Á einum tímamarki vakti Alex upp drottningu í kolunnu endatafli og kallaði þá Fabio til skákstjórans og sagði að Alex gerði það vitlaust og vildi krefjast sigurs en skákstjórinn sá hvað gerðist og sagði að Alex gerði það hárrétt og gaf Fabio skákina stuttu seinna. Tveimur umferðum seinna fékk Aron einnig Fabio og tefldi hann sömu byrjun og Alex hafi teflt við hann. Skákin var löng og voru þeir einu eftir í salnum. Fabio var orðin þreyttur og fór að leika hratt og lék sér síðan í mát, síðan fleygði köllunum um salinn og hrópaði öllum illum orðum.



Salurinn var mjög þægilegur enda var hann kældur fyrir umferðir. Eini gallinn var að menn máttu reykja fyrir utan svo að það dreifðist þó nokkuð mikil reykningarlykt inn. Á mótinu var mjög áhugaverð regla: maður þurfti að spyrja skákstjóra

hvort maður mætti fara út úr salnum t.d. fara á klósettið, fá sér vatnsglas o.fl.

Aron vann þrjár, þrjú jafntefli og tapaði þrem og endaði með 4,5 vinninga og hækkaði um 72 stig.



Alex endaði í 1. sæti í flokki 1500-1799. Alex vann tvær, gerði sex jafntefli, og tapaði einni og endaði með 5 vinninga og hækkaði um 120 stig.



Mælum með þessu móti. Þökkum Skáksambandinu og Taflfélagi Reykjavíkur kærlega fyrir stuðninginn.

Aron Þór Mai (1893) - Imbrogno Rinaldo (2093)

1. e4 d6 2. d4 Nf6 3. Nc3 c6 4. Nf3 Bg4 5. h3 Bh5 6. Be2 e6 7. O-O Be7
8. Be3 d5 9. e5 Nfd7 10. Nd2 Bxe2 11. Nxe2 c5 12. c3 Nc6 13. f4 cxd4
14. cxd4 Qb6 15. Qb1 O-O 16. Nf3 f6 17. Bf2 Rac8 18. Ng3 Nb4 19.
Ne1 fxe5 20. dxe5 Bc5 21. Bxc5 Qxc5+ 22. Kh2 Qd4 23. a3 Nc6 24.
Ne2 Qc4 25. Qd3 Ncxe5 26. Qe3 Qc5 27. Nd4 Qb6 28. Kg1 Qxb2 29.
Nec2 Nf7 30. Qxe6 Nb6 31. Rab1 Qc3 32. Rb3 Qd2 33. Rg3 Rxc2 34.
Nf5 Rc6 35. Nh6+ Kh8 36. Nxf7+ Kg8 37. Nh6+ Kh8 38. Qg8+ 1-0

Alexander Oliver Mai (1717) – Fabio De Carlo (2055)

1. e4 c5 2. Nf3 d6 3. d4 cxd4 4. Nxd4 Nf6 5. Nc3 g6 6. Be3 a6 7. f3
Nbd7 8. Qd2 b5 9. a4 b4 10. Na2 e5 11. Nc6 Qc7 12. Ncxb4 Bb7 13.
c4 Nc5 14. Bxc5 dxc5 15. Nd5 Bxd5 16. cxd5 Qd6 17. Bc4 h5 18. Nc1
Bh6 19. Qc3 O-O 20. O-O h4 21. Kh1 Rfe8 22. Ne2 Nh5 23. Ra3 Reb8
24. Rb3 Rb4 25. Rxb4 cxb4 26. Qd3 Kg7 27. g3 hxg3 28. hxg3 Bg5 29.
Kg2 a5 30. Rh1 Rd8 31. b3 Qc5 32. Rd1 Rd6 33. Rh1 Be3 34. Rf1 g5
35. Rh1 Kg6 36. Rh3 g4 37. fxg4 Nf6 38. Nf4+ Kg5 39. Kf3 exf4 40.
gxf4+ Bxf4 41. e5 Nxc4 42. Rh5+ Kxh5 43. Qf5+ Bg5 44. Qxg4+ Kh6
45. exd6 Qxd6 46. Qf5 Qf6 47. Qxf6+ Bxf6 48. d6 Kg7 49. Ke4 Kf8 50.
Kd5 Bd8 51. Bb5 Bh4 52. Kc6 Bd8 53. Kd7 Bb6 54. Kc8 f5 55. Kd7 Kf7
56. Bc4+ Kf6 57. Kc6 Bd8 58. Kd7 Bb6 59. Ke8 Ke5 60. d7 Kd4 61.
d8=Q+ Bxd8 62. Kxd8 Kc3 63. Kc7 f4 64. Kb6 1-0